

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/531/EB frá 26. júlí 2007 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2008–2010 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21abc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/534/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21abd. **32007 D 0531**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/531/EB frá 26. júlí 2007 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2008–2010 (Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/531/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB [L 182, 10.7.2008, bls. 34](#), og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 47.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.